

L Ö G

13

29. apríl

um breyting á lögum um verðlag á vörum nr. 70 31. desember 1937.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Næst á undan orðunum „heildsölu og smásölu“ í 1. gr. laganna bætist: umboðssölu.

2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Allar ákvarðanir sínar um hámarksverð eða hámarksálagningu skal verðlagsnefnd þegar í stað tilkynna ráðherra, sem sér um birtingu þeirra. Skulu ákvarðanir nefndarinnar koma í gildi jafnskjótt og þær hafa verið birtar, og gilda þar til öðruvísi verður ákveðið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaluborg, 29. apríl 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

14

15. maí

um varnir gegn útbreiðslu garnaveikinnar (Johnesveiki), útrýmingu hennar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Mæðiveikinefnd og framkvæmdarstjóri hennar skulu, undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra, hafa á hendi stjórn þeirra ráðstafana, er lög þessi fjalla um.

2. gr.

Nefndinni er heimilt að kveðja menn til aðstoðar við framkvæmd laganna, að fengnum tillögum framkvæmdarstjóra.

14

15. maí

3. gr.

Framkvæmdarstjóra er heimilt, í samráði við nefndina, að láta fara fram rannsókn á öllu því fé, er hann telur nauðsynlegt til þess að full vitneskja fáiast um útbreiðslu veikinnar.

Fjáreigendur, sem búsettir eru í þeim héruðum, þar sem veikin hefir gert vart við sig eða þykja grunsamleg, eru skyldir til að gera viðkomandi hreppstjóra eða framkvæmdarstjóra tafarlaust aðvart, ef þeir verða varir við grunsamleg veikindi í fé sínu eða annara á því svæði. Nú telur hreppstjóri, að um garnaveiki geti verið að ræða, og skal hann þá tilkynna það framkvæmdarstjóra, er gerir þær ráðstafanir í samráði við nefndina, er hann telur eftir atvikum tryggilegastar.

4. gr.

Við rannsókn á útbreiðslu garnaveikinnar skal ríkið leggja til lyf, tæki og rannsóknarmenn fjáreigendum að kostnaðarlausu. Auk þess greiða hæfilegar bætur, að dómi nefndarinnar, fyrir þær kindur, er drepa þarf, og fer um bætur samkvæmt 13. gr. Allur annar kostnaður greiðist af fjáreigendum. Einnig er þeim skylt að veita alla aðstoð eftir þörfum án endurgjalds.

5. gr.

Framkvæmdarstjóra er heimilt, í samráði við nefndina, að fyrirskipa litarmerkingu á sauðfé, þar sem grunur leikur á, að sýkin sé. Einnig getur hún bannað hverskonar litarmerkingar á sauðfé á ákveðnum svæðum eða heimilum.

6. gr.

Nefndinni er heimilt að ráðstafa sauðfé á afrétti og í heimahögum, ef nauðsyn ber til vegna varnanna. Utansveitarfé, sem líkur eru til, að sé sýkt eða af grunuðu svæði, má ekki selja til lífs, og skal hreppstjóri sjá um, að það sé drepð og afurðum þess ráðstafað á sem hagfelldastan hátt.

7. gr.

Heimilt er nefndinni að banna sauðfjárflutninga frá þeim svæðum, er hún telur garnaveikinnar helzt von á, nema samþykki framkvæmdarstjóra komi til.

8. gr.

Heimilt er sveitarstjórnnum og stjórnnum upprekstrarfélaga, með samþykki framkvæmdarstjóra, að fyrirskipa breytingar á fjallgöngum, smölun heimalanda og réttum, ef það telst nauðsynlegt til varnar útbreiðslu veikinnar.

Breytingar þessar teljast ekki brot á fjallskilareglugerðum.

9. gr.

Hreppstjórar, gangnaforingjar (fjallkóngar) og réttarstjórar skulu hafa strangt eftirlit með því, að sýkt og grunað fé sé aðskilið frá öðru fé svo fljótt sem verða má. Ekki má reka það með öðru fé, hvorki frá réttum eða í bæjarrekstrum.

10. gr.

Nú kemur fé af sýktu eða grunuðu svæði fyrir í útréttum og fjáreigendur eða viðkomandi upprekstrarfélög hafa ekki gert ráðstafanir til að hirða það sérstaklega. Skal þá hreppstjóri láta taka það og slátra, verði ekki öðrum fulltryggum ráðstöfunum við komið að hans dómi, en gera skal hann það verð úr, að fjáreiganda verði sem minnst tjón að.

11. gr.

Sauðfé á sýktu eða grunuðu svæði af garnaveiki má ekki reka í þröng girðing-
arhólf eða fjárhús á heimilum, sem ekki hafa veikina, eða önnur hús, þar sem heima-
fé er hýst.

Ekki má heldur reka fé, sem ætla má, að sé ósýkt af veikinni, í slík girðingar-
hólf eða hús á heimilum, sem teljast grunuð eða sýkt. Bannað er að geyma sýkt eða
grunað fé í girðingarhólfum með fé frá ósýktum heimilum.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varðar sektum.

12. gr.

Leyni fjáreigandi veiki í fé sínu, skal hann sæta sektum, en verði það til þess,
að veikin berist í ósýkt fé annara, varðar það fangelsi.

13. gr.

Heimilt er nefndinni að ákveða, að sjúku eða grunuðu fé skuli slátrað, til þess
að ganga úr skugga um veikina eða hindra útbreiðslu hennar. Bætur fyrir sauðfé,
sem slátrað er samkvæmt þessum ráðstöfunum, greiðast af ríkissjóði eftir mati
nefndarinnar.

Heimilt er nefndinni að ákveða, að nokkur hluti bótanna greiðist hlutaðeiganda
til endurnýjunar fjárstofninum, þegar nefndin telur garnaveikinni útrýmt úr fé
þeirra.

14. gr.

Þeir bændur, sem lógað hefir verið hjá yfir 10% af ærstofninum, fá auk þess
vaxtatillag og aukajarðræktarstyrk á sama hátt og eftir sömu reglum og þeir, sem
beðið hafa tjón af völdum mæðiveikinnar, þó aldrei lengur en eitt ár eftir að garna-
veikinni er útrýmt úr fé þeirra, nema sérstaklega standi á að dómi nefndarinnar.

15. gr.

Ráðherra er heimilt, eftir tillögum mæðiveikinefndarinnar, að gera hverja þá
ráðstöfun, er hann álítur nauðsynlega til þess að hindra útbreiðslu veikinnar og út-
rýma henni.

16. gr.

Ráðherra setur reglugerð, er ákveður nánar um framkvæmd laga þessara.

17. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 10000 kr., eða fangelsi, og skal
með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 15. maí 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.).

Hermann Jónasson.